

Til bæjarráðs og bæjarstjórnar Fjarðabyggðar

29. október 2024

## Smölun ágangsfjár af landi Óseyrar Stöðvarfirði

Svona hefst bréf bæjarráðs Fjarðabyggðar frá 16. september 2024 til fjáreiganda sem líkindi eru til að eigi sauðfé á Óseyri:

*Góðan daginn Arnór*

**Bæjarráð Fjarðabyggðar tók fyrir á fundi sínum 16. september sl. könnun verkefnisstjóra umhverfismála á ágangi sauðfjár í landi Óseyrar og fylgir hún með. Bæjarráð skorar á fjáreigendur sem líkindi er til að eigi sauðfé í landi Óseyrar að smala því og veitir hlutaðeigandi andmælafrest.**

*Gunnar Jónsson, bæjarritari.*

Sama dag svarar fjáreigandinn Arnór á Þverhamri, sem er varaformaður fjallsilanefndar í Fjarðabyggð orðrétt:

**Sæll. Það er nu lármark að hafa landamærin á hreinu. Landamæri Óseyrar eru frá innri vallá og inn að hvanngili og er lækur þar sem afmarkar land stöðvar og Óseyrar og rennur hann niður rétt fyrir innan ytra hliðið inn í stöð. “Tekin fyrir greining frá verkefnastjóra umhverfismála á ágangi í landi Óseyrar á Stöðvarfirði en staðfest er að fé er á jörðinni. Bæjarráð skorar á fjáreigendur**

**sem líkindi er til að eigi sauðfé í landi Óseyrar að smala því og veitir hlutaðeigandi andmælafrest.,,**

**Verð nu að fá svar við þessu. Hvað staðfestir það að þær haldi sig á landi óseyrar. Annað en þessar myndir sem landeigandi óseyrar tekur einhvertíman í ágúst. Þessar myndir sem rúnar tekur af þeim þar eru þær á landi stöðvar og meiga vera þar. Þó þær labbi yfir lækinn og dvelji 1-2 klukkutíma á dag 100metra inn á landi óseyrar á eg þá að bíða og vagta það ef þær skyldu fara þennan daginn yfir lækinn eða ekki. Hef fullan skyldning á því ef þær væru að halda þarna til en það hefa þær ekki gert. Eg kæri mig ekkert að eiga fé á landi óseyrar. Að bændur eigi að hlaupa upp til handa og fóta ef kindur nálgast þessa jörð fynst mér alveg fráleytt. Auðvitað hafa kindur komið við þarna á landi óseyrar en þær hafa ekki haldið til þar. Það er ekki neitt sem hindrar för þeirra þarna yfir á þessa jörð og væri ráð að benda landeigandanum á það.**

Arnór Ari Sigurðsson landeigandi, bóndi, íbúi í fjarðabyggð, útsvarsgreiðandi í fjarðarbyggð. Sent from my iPhone

Síðan þetta átti sér stað hef ég ekki heyrt orð frá sveitafélaginu Fjarðabyggð og enn eitt árið gátu ágangskindur verið á landi okkar 100% af þeim tíma sem þær höfðu möguleika til þar sem sveitafélagið sinnti ekki skyldu sinni og smalaði þegar eftir var óskað.

Nú þegar þetta liggur fyrir óska ég eftir svörum við eftirfarandi spurningum:

1. Hver er staða þess máls innan sveitafélagsins? Er þetta mál ennþá í vinnsu eða er því lokið? Hvort sem er óskum við eftir skriflegu svari um stöðu þessa máls innan sveitafélagsins.
2. Hefur sveitafélagið svarað andmælum Arnórs Ara Sigurðssonar sauðfjárbónda í Breiðdalsvík frá 17. september? Ef svarið er já, óskum við eftir að fá afrit af því svari?
3. Það liggja fyrir myndir af kindum í eigu Arnórs á landi Óseyrar. Þannig það er alveg ljóst að viðkomandi á ágangskindur á landi okkar og það eru ágangskindur á landi okkar. Meintur eigandi fjársins telur sig ekki þurfa að smala ágangskindum, hann efast um að hann eigi kindur þar og að þær haldi sig þar yfirhöfuð.

Þessi afstaða sauðfjárbænda að Þverhamri í Breiðdal kemur ekki á óvart en viðkomandi bændur svöruðu okkur skriflega 2020 að þeir ætlu ekki að smala fé sínu af landi okkar er við óskuðum eftir því. Þetta veit sveitafélagið Fjarðabyggð mæta vel, enda höfum við komið þessum upplýsinum til sveitafélagsins.

Með hvaða hætti brást sveitafélagið við þessu svari Arnórs, og með hvaða hætti mun sveitafélagið bregðast við í framtíðinni ef “meintir” eigendur fjárs bregðast ekki við beiðnum sveitafélagsins um að smala fé sínu af löndum fjárlausra landeginda, mun sveitafélagið sinna skyldu sinni og smala?

Óskum við eftir að fá svör við þessum spurningum “eins fjótt og auðið er”.

Jafnfram vill ég benda sveitafélaginu Fjarðavyggð á að lög um afréttamál, fjallskil og fl. 1986 eru í fullu gildi þó þau séu komin til ára sinna. Í 33.gr. laganna segir;

***Nú verður ágangur búfjár úr einu heimalandi í annað, og getur þá sá, er fyrir verður, kært til hreppstjóra. Stafi ágangurinn af búfé, sem vanrækt hefur verið að reka á fjall eftir fyrirmælum fjallskilasamþykktar, ber hreppsnefnd að sjá um, að eigendur reki fénaðinn til afréttar. Vanræki þeir það, lætur hún reka á þeirra kostnað. Stafi ágangur hins vegar af búfé, sem heimilt er að hafa í heimahögum, ber sveitarstjórn að láta smala ágangsfénaði og reka þangað, sem hann á að vera, á kostnað eiganda, nema annað sé ákveðið í fjallskilasamþykkt.***

***[Sinni sveitarstjórn ekki skyldum sínum skv. 1. mgr. að mati lögreglustjóra skal hann láta smala ágangsfénaði á kostnað eiganda.]***<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>[L. 87/1997, 1. gr.](#)

Einnig vill ég benda sveitafélaginu Fjarðabyggð misskiling í máli sauðfjárþóndans á Breiðdalsvík og varafromanns fjallskilaneftndar en hann segir orðrétt í bréfi sínu;

***“Það er ekki neitt sem hindrar för þeirra (kindanna, mitt innskot) þarna yfir a þessa jörð og væri ráð að benda landeigandanum á það”.*** – Tilvitnun líkur.

Það er alveg á hreinu að þó land sé ekki girt verður það ekki sjálfkrafa beitarland sauðfjárbænda, og þó að land sé ekki girt af þarf sveitafélagið engu að síður að smala ágangsfé óski landeigandi eftir því.

Þetta kemur skýrt fram í álit umboðsmanns Alþingis frá 2021.

Dómsmálaráðuneytið hefur staðfest þetta í úrskurði sínum um þessi mál 11. janúar 2023 og tekur undir álit umboðsmanns Alþingis.

Við þetta má bæta að árið 2010 gaf samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið (nú innviðaráðuneytið) út leiðbeiningar og álit á grundvelli 1. og 2. töluliðar 2. mgr. 112. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 í máli nr. SRN20070003 þar sem vísað var til bréfs sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins (nú matvælaráðuneytisins) dags. 28. maí 2010.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið hafði í apríl 2010 óskað eftir túlkun ráðuneytisins á ákvæðum laga um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986 og fjallskilasamþykkt fyrir Mýrarsýslu nr. 3609/1992. Í erindinu dags. 28. maí 2010 kemur fram sú afstaða ráðuneytisins að skylda sveitarfélags til að smala ágangsfé skv. 33. gr. afréttarlaga væri ekki bundin því skilyrði að land sem sæti ágangi búfjár sé girt fjárheldri girðingu. Matvælaráðuneytið staðfesti í skriflegu svari þann 8. ágúst 2023 að þetta væri ennþá afstaða ráðuneytisins.

Kveðja,

Ívar Ingimarsson

Hrefna Arnardóttir

Óseyri Stöðvarfirði.

